

Bekkur: 2. bekkur

Námsgrein: Samfélagsgreinar

Kennarar: Arna Einarsdóttir og Sæbjörg Kristmannsdóttir

Tímafjöldi: 3 kst. á viku



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

Samþætting við efni Byrjendalæsis, Komdu og skoðaðu land og þjóð og Komdu og skoðaðu bílinn. Verkefni um Egil Skallagrímsson, Halló heimur 2. Uppeldi til ábyrgðar. Efni af völdum vefsíðum.

Lykilhæfni:

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann	<b>Að nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>geti borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi,</li><li>geri sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni,</li><li>komi auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið,</li><li>geti bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins,</li><li>sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar,</li><li>þjálfist í að lýsa samhengi orða, athafna og afleiðinga,</li><li>geti sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu,</li><li>átti sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna,</li><li>varist hættur á heimili sínu og í nágrenninu,</li><li>geti sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi,</li><li>velti fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika,</li><li>geti bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu,</li><li>bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Aðferðir byrjendalæsis.</li><li>Innlögn, umræður og verkefnavinna í hópum og einstaklingslega.</li><li>Vettvangsferðir.</li><li>Vinna stórt úrklippuverkefni upp úr bókinni</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Símat á þátttöku í verkefnavinnu og umræðum.</li><li>Vinnubrögð og verkefnabækur.</li></ul>

<p><b>Hugarheimur - Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum</b></p>	<p><b>Að nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• geti bent á gildi jákvæðar viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig,</li> <li>• geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti,</li> <li>• þjálfist í að setja sér markmið og gera áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna,</li> <li>• þjálfist í að gera sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur,</li> <li>• geri sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans,</li> <li>• átti sig á og lýsi ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði,</li> <li>• geti sett sig í spor annarra jafnaldra.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Umræður á bekkjarfundum.</li> <li>• Verkefni og leikir.</li> </ul>	<p>Símat á þátttöku í verkefnavinnu og umræðum.</p>
<p><b>Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra</b></p>	<p><b>Að nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• þjálfist í að taka þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi,</li> <li>• tjái þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti,</li> <li>• geti áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna,</li> <li>• geti sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi,</li> <li>• átti sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og beri virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum,</li> <li>• átti sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum,</li> <li>• geti sýnt að hann virði reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur,</li> <li>• þjálfist í að hlusta á og greina að, ólíkar skoðanir,</li> <li>• geti sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,</li> <li>• setji sig inn í málefni nærsamfélagsins.</li> </ul>		
<p><b>Lokanámsmat er gefið í bókstöfum, A, B+, B, C+, C eða D</b></p>			